

þeim samningi. Á ljósríti af kaupsamningi, er stefnandi leggur fram í málinu til stuðnings kröfum sínum, kemur ekki fram, að stefndi hafi undirritað hann, og er þar einungis að finna undirritun kaupanda, stefnanda í máli þessu.

Þar sem málið er svo vanreifað, er að framan greinir, verður eigi dómur á það lagður, og ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi, enda þykja eftir atvikum að svo stöddu ekki vera nægilegar ástæður til að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Málskostnaður verður eigi dæmdur, sbr. 175. gr. in fine laga nr. 85/1936.
Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er sjálfkrafa (ex officio) vísað frá dómi.
Málskostnaður dæmist ekki.

Föstudaginn 20. janúar 1984.

Nr. 183/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Gesti Eysteinsyni

(Ólafur Þorláksson hrl.)

Brot gegn 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 24. ágúst 1983. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 13. desember 1983.

Ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur farið fram framhaldsrannsókn í máli þessu fyrir dómi. Garðar Hannesson, stöðvarstjóri Pósts og síma í Hveragerði, kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að hann hefði í allmörg skipti lokað síma ákærða um stundarsakir vegna kvartana lögreglunnar á Selfossi og símstöðvarinnar á Selfossi, en þó langoftast vegna kvartana lögreglunnar. Hefði þetta einkum verið á árunum 1980 - 1982, aðallega að næturlagi og um helgar. Sigurjón Ingibergsson, byggingameistari í Hveragerði, skýrði svo frá, að nótt eina að haustlagi fyrir 2 eða 3 árum hefði hann komið til ákærða og verið undir áhrifum áfengis. Ákærði hefði verið ódrukkinn. Ekki kvaðst vitnið þora að fullyrða, hvort ákærði hefði þá hringt í lögreglu.

Ákærði kom einnig fyrir dóm að nýju. Hann kvaðst ekki vita, hversu oft hann hefði hringt til lögreglunnar aðfaranótt 30. október 1981, en hann taldi útilokað, að hann hefði hringt jafnoft og greinir í ákæru. Hann kvaðst hafa hringt til að knýja á um, að lögreglan sækti Sigurjón Ingibergsson. Hann sagði, að sér hefði runnið í skap, þegar lögreglan sinni ekki erindi hans, og kvaðst hafa ætlað að hringja nógu oft til að fá lögreglu til að koma.

Sannað þykir með framburðum vitnanna Tómasar Jónssonar lögregluvarðstjóra, Eiríks Hallgrímssonar lögregluvarðstjóra og Guðmundar Hartmannssonar aðstoðarvarðstjóra svo og með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs, að hann hafi hringt í sífellu í hinn almenna síma lögreglustöðvarinnar á Selfossi nr. 1154 á tímanum frá kl. 0415 til kl. 0615 og á milli kl. 0700 og 0720, síðan þrisvar sinnum með stuttu millibili í neyðarsíma lögreglunnar nr. 1220 og loks þrisvar sinnum í röð í síma lögreglunnar næstu mínúturnar eftir kl. 0735. Með þessari háttsemi þykir ákærði hafa gert lögreglumönnum slíkar tálmanir í því að gegna skyldustörfum, að varði við 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 8.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gestur Eysteinnson, greiði 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarn-
arlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorlákssonar hæstaréttar-
lögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Árnessýslu 12. apríl 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. apríl sl., er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 21. apríl 1982, á hendur Gesti Eysteinessyni, Breiðumörk 10 í Hveragerði, fæddum 1. maí 1923, „fyrir að hafa, aðfaranótt föstudagsins 30. október 1981 og fram á morgun, hindrað störf og varðstöðu í lögreglustöðinni á Selfossi, með því að hringja sextíu og einu sinni í hinn almenna síma stöðvarinnar nr. 1154 á tímanum frá kl. 04.15 til kl. 06.15, fjórtán sinnum í sama síma á milli kl. 07.00 og 07.20, þá þrisvar sinnum með stuttu millibili í neyðarsíma lögreglunnar nr. 1220 og síðan þrisvar sinnum með stuttu millibili í síma nr. 1154 eftir kl. 07.35.

Telst þetta varða við 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Föstudaginn 30. okt. 1981 á tímabilinu frá kl. 0415 - 0615 var hringt sextíu og einu sinni í síma lögreglunnar á Selfossi í síma 1154 (sic).

Samkvæmt lögregluskýrslu um atburð þennan segir, að þarna hafi verið um Gest Eysteinnson, ákærða í máli þessu, að ræða og hafi hann verið ölvaður, talað samhengislaust rugl og ekki tjáð sig um nokkurt erindi.

Frá kl. 0700 - 0720 hringdi ákærði fjórtán sinnum í sama síma, þar til hann var tekinn úr sambandi kl. 0720. Byrjaði ákærði þá að hringja í síma 1220, neyðarsíma lögreglunnar, og hringdi hann þrisvar í röð í þann síma. Kl. 0735 var sími 1154 tengdur aftur, og hringdi þá ákærði þrisvar sinnum í röð í það númer á næstu mínútum á eftir.

Tekin var skýrsla af ákærða fyrir dómi hinn 23. nóv. 1981 vegna máls þessa. Að sögn ákærða fékk hann í heimsókn mann að nafni Sigurjón Ingibergsson, sem var ölvaður. Þar sem ákærði ætlaði ekki að drekka áfengi með nefndum Sigurjóni, hringdi hann til lögreglunnar og bað hana á kurteislegan hátt að flytja framangreindan Sigurjón heim, en ákærði kvaðst ekki hafa fengið svar og því hafi hann hringt oft til lögreglunnar og þá stundum í gegnum 02.

Fyrir rétti hinn 10. maí sl. kvaðst ákærði hafa verið ódrukkinn í umrætt sinn.

Vitnið Eiríkur Hallgrímsson lögregluvarðstjóri kom fyrir dóm vegna þessa máls hinn 13. mars 1982. Kvaðst vitnið minnst þess, að ákærði hafi hringt 60 sinnum í síma lögreglunnar nótt eina þá um haustið, þegar vitnið var á vakt.

Að sögn vitnisins taldi Guðmundur Hartmannsson aðstoðarvarðstjóri umræddar símhringingar.

Vitnið Guðmundur Hartmannsson, aðstoðarvarðstjóri í lögreglu Selfoss, bar fyrir dómi hinn 23. mars 1982, að hann hefði nótt eina þá um haustið verið á vakt og þá hafi ákærði margoft hringt og hafi ekki verið hægt að tala við hann sökum ölvunar. Að sögn vitnisins bar ákærði ekki upp neitt erindi, en ákærði hafi þvælt og röflað án þess hann skildist.

Kvaðst vitnið hafa talið hringingar ákærða þessa nótt og hafi það talið 61 hringingu frá ákærða á tímabilinu um kl. 0400 til um kl. 0615. Auk þess hafi ákærði hringt 15 sinnum eftir kl. 0615. Þá kveður vitnið ákærða hafa hringt oft frá því um miðnætti til kl. 0400.

Varðandi fullyrðingu ákærða, að hann hefði beðið um, að Sigurjón Ingibergsson yrði fjarlægður frá heimili ákærða, kvaðst vitnið ekki minnst þess, að ákærði hafi beðið um það.

Þá hafa ofangreind vitni, Eiríkur Hallgrímsson, Guðmundur Hartmannsson svo og vitnin Jón I. Guðmundsson yfirlögregluþjónn og Tómas Jónsson varðstjóri skýrt frá því fyrir dómi, að ákærði hafi stundað það í nokkur ár að hringja í lögreglu í erindisleysi, þegar hann væri ölvaður.

Niðurstöður.

Með hliðsjón af framburði vitna í máli þessu, framburði ákærða sjálfs, svo og öðrum gögnum málsins þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Háttsemi ákærða var til þess fallin að hindra störf lögreglu, og skiptir hér engu, þótt ákærði hafi átt raunveruleg erindi við lögreglu, en af gögnum málsins má einnig ráða, að ákærði hafi gerst sekur um slíka háttsemi áður.

Háttsemi ákærða þykir varða við 2. mgr. 106. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing.

Ákærði er sakhæfur.

Ákærði hefur sætt refsingum sem hér segir:

- 1961 6/2 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 48., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 31., sbr. 96. gr. lögreglusamþ.
- 1961 18/9 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald og svipting ökuleyfis í 1 ár fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
- 1967 4/1 í Húnav.sýslu: Sátt, 1.000 kr. sekt f. brot á 7. gr., sbr. 36. gr. áfl. Gerð upptæk áhöld.
- 1971 30/10 í Húnav.sýslu: Sátt, 5.000 kr. sekt f. brot á 1. mgr. 7. gr., sbr. 36. gr. áfl. Gerð upptæk bruggtunna.
- 1977 12/12 í Árnessýslu: Sátt, 10.000 kr. sekt f. brot á 21. gr. áfl.
- 1980 15/12 í Árnessýslu: Sátt, 200.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 15/12 1980.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af öllum málavöxtum hæfilega ákveðin sekt kr. 7.500.00, og komi 12 daga varðhald í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Þá skal ákærði greiða allan sakarkostnað, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Árna Einarssonar hdl., kr. 2.500.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu kvað upp dóm þennan.

Mál þetta hefur dregist sökum þess, hve verjandi skilaði seint vörn þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þar um.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gestur Eysteinnsson, greiði kr. 7.500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Árna Einarssonar hdl., kr. 2.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.